

**PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM
III.-HLUTI**

Markaðsviðskipti og viðskiptahættir (70%)

Föstudagurinn 20. apríl 2007 16:00 - 20:00

Prófið er 16 blaðsíður

Öll námsgögn leyfileg, en athugið að aðeins eru leyfilegar einfaldar reiknivélar sem hægt er að núllstillast

Vinsamlegast gætið þess að merkja prófblöðin og hverja próförk með prófnúmeri, munið að slökkva á farsínum og vinsamlegast hafið persónuskilríki á borðum.

Prófnúmer _____

Gangi ykkur vel!!

1. hluti. Krossaspurningar (vægi 55%)

Svaraðu eftirfarandi krossaspurningum. Merktu við það svar sem þú telur RÉTTAST. Aðeins skal merkja við einn lið í hverri spurningu. Allar spurningar veqa jafnt (1,25%). Ekki er dregið niður fyrir röng svör.

Svörum við krossaspurningum skal skilað á sérstöku svarblaði

Spurning 1.

Þegar um ræðir samningsmarkaði (quote driven markets) má almennt segja að verðmyndum hafi verið að batna með þátttöku fleiri aðila og betri kerfum/upplýsingakerfum:

- A) Rétt
- B) Rangt

Spurning 2.

Nonni kaupir af Manna hlutabréf í Össuri utan Kauphallar. Verð í viðskiptunum er utan verðbils og stærð þeirra er slík að um svokallaða stórlotu (block lot) er að ræða. Gengið er frá viðskiptunum í gegnum síma og jafnframt er um síðustu viðskipti dagsins að ræða í viðkomandi félagi. Uppgjör viðskiptanna fer fram eftir 5 vikur. Hvað af eftirtöldu á við um viðskiptin ?:

- A) Viðskiptin uppfæra nýjasta verð
- B) Þar sem um stórlotu var að ræða varð að ganga frá viðskiptum í gegnum síma
- C) Viðskiptin geta komið til greina þegar dagslokaverð myndast
- D) Um ræðir óstöðluð viðskipti
- E) Gengi í viðskiptunum verður að vera utan verðbils þar sem uppgjör fer fram seinna en T + 1

Spurning 3.

Þegar reynt er að leggja mat á hversu mikið magn tiltekinna bréfa er hægt að kaupa eða selja án þess að verð hreyfist marktækt er verið að nota hugtakið:

- A) Svokallað "internal efficiency"
- B) Seljanleiki
- C) Veltuhraða
- D) Verðbil
- E) Svokallað "external efficiency"

Spurning 4.

Ingvar Kamprad er sænskur fjárfestir sem hugsar sér gott til glóðarinnar varðandi fjárfestingu í íslenskum hlutabréfum nú þegar Kauphöll Íslands er orðin hluti af OMX. Ingvar vill kaupa hlutabréf í Hf. Eimskipafélagi Íslands og hefur því samband við viðskiptabanka sinn SEB (Skandinavíska Enskilda Banken), sem gengur milliliðalaust og í eigin nafni frá viðskiptunum í gegnum Kauphöll Íslands:

- A) Rétt
- B) Rangt

Spurning 5.

Starfsmenn í stöðutöku (Dealer, Specialist/Market Maker) gegna mikilvægu hlutverki á eftirmarkaði við að:

- A) Sjá til þess að alltaf sé öruggt að hægt sé að eiga viðskipti með stórar upphæðir í einu
- B) Tryggja hag minni fjárfesta
- C) Efla verðmyndun með því að leitast við að ávallt sé hægt að kaupa/selja bréf í viðkomandi verðbréfaflokki
- D) Sjá til þess að verð hlutabréfa sé sem næst útreiknuðu virði þeirra skv. sjóðsstreymisgreiningu
- E) A og D er rétt

Spurning 6.

Gefin er sú forsenda að fjárfestir eigi hlutabréf sem hafi hækkað verulega á tiltölulega skömmum tíma. Vonir hans standa engu að síður til þess að til bréfin muni hækka eitthvað áfram en hann gerir sér þó grein fyrir að hann geti verið að leika sér að eldinum. Fjárfestirinn vill tryggja að hann haldi því sem er komið í hús og fái einhverja hlutdeild í væntri hækkun, en hann hefur einsett sér að vera ekki gráðugur. Til að þetta nái fram að ganga gerir hann því eftirfarandi:

- A) Selur bréfin þegar í stað, og ætlar sér svo að bíða eftir að hækkunin hefur komið fram og hefur þá í hyggju að skortselja til að græða á því þegar bréfin lækka
- B) Kaupir meira á núverandi gengi og setur fram stopp kauptilboð (stop buy order)
- C) Heldur alveg að sér höndum þar sem greiningarmenn hafa verið að senda frá sér verðmöt sem virðast heldur benda til þess að verð bréfanna geti hækkað
- D) Setur fram stoppöntun (stop sell order) sem er aðeins yfir nügildandi markaðsverði
- E) Selur helming bréfa sinna þar sem tæknilegir mælikvarðar benda til þess að brugðið geti til beggja vona varðandi verðþróun bréfanna á næstu mánuðum

Spurning 7.

Viðskipti með stóra eignarhluti í félögum fara alltaf fram á yfirverði, þ.e. verði sem er yfir markaðsverði á þeim tíma sem viðskiptin eiga sér stað:

- A) Rétt
- B) Rangt

Spurning 8.

Danski lifeyrissjóðurinn ATP setur fram sölupöntun á 70.000 hlutum í IBM sem skráð er í kauphöllinni í New York. Pöntunin berst inn á viðskiptagólfið í kauphöllinni en margir vilja selja bréf fyrirtæksins enda verið gefið til kynna af hálfu fyrirtækisins að reksturinn verði erfiður á næstunni. Sérfræðingurinn (specialist) sem sér um viðskipti með bréf fyrirtækisins hefur nóg að gera enda töluverð sölupressa á bréfum fyrirtækisins og verð milli viðskipta fer lækkandi. Frá því að markaðurinn opnaði hefur sérfræðingurinn keypt nokkuð af hlutabréfum fyrirtækisins og vill nú selja þar sem lækkunarferlið er orðið viðvarandi. Hann selur því aðeins úr eigin bókum og reynir svo að afgreiða pöntunina frá ATP. Þau sjónarmið sem um ræðir varðandi þetta eru:

- A) Lækkunin innan dagsins er orðin meira en 2% og því eru viðskiptin innan heimilda
- B) Þetta verklag samrýmist ekki þeim starfsreglum sem sérfræðingnum eru settar
- C) Pöntunin er frá aðila sem ekki er aðili að kauphöllinni og er því ekki afgreidd eins og kauphallaraðila væri að ræða
- D) Þar sem þetta gerist á síðasta 10 mínútum viðskipta er sérfræðingnum heimilt að minnka áhættu sína í einstökum félögum
- E) A og D er rétt

Spurning 9.

Á evrópskum hlutabréfamörkuðum sýnist mönnum að hlutabréf bílaframleiðenda hafi hækkað duglega í samanburði við fyrirtæki í öðrum geirum. Þessu eru tæknigreiningarmenn sammála og benda m.a. á eftirfarandi mælikvarða því til stuðnings á/á að:

- A) Hagnaður margra bílafyrirtækja hafi verið meiri en vænst var og stuð færst í bréfin vegna þess
- B) Skortsöluhlutfall (short interest ratio) sé lágt
- C) Hlutfallslegan styrk (relative strength)
- D) Hreyfanlegt meðaltal (moving average)
- E) Hækkun lækkun magn (up-down volume)

Spurning 10.

“Price is what you pay, value is what you get” (“Verð er það sem þú borgar, virði er það sem þú færð”) er frasi sem sumir fjárfestar hafa oft í huga. Um ræðir:

- A) Að virðisfyrirtæki (value companies) séu yfirleitt ódýrara á flesta mælikvarða en vaxtarfyrirtæki (growth companies)
- B) Að þegar til lengri tíma er litið megi gera ráð fyrir að verð bréfa sveiflist miklu meira en tilefni er til
- C) Að sjóðsstreymisgreiningar séu svo mikilvægar að óreyndir fjárfestar eigi að vera tilbúnir til að greiða sérfræðingum fyrir slíka vinnu
- D) Miklu máli skipti að kaupa og selja ótt og títt enda náist umframávöxtun einungis fram með þeim hætti
- E) Ekkert af ofangreindu er rétt

Spurning 11.

Hvað af eftirtöldu er ekki rétt ?:

- A) Öll tilboð sem eru stærri en smálota eru skilyrt með gildistíma, verði og lágmarksverðbili
- B) Til að uppfæra nýjasta verð, verða viðskipti utan Kauphallar að vera svokölluð stöðluð viðskipti
- C) Viðskipti verða að vera jafnstór eða stærri en viðskiptalota til að mynda síðasta verð
- D) Smálotutilboð geta parast saman en mynda aldrei síðasta verð, jafnvel þó að um síðustu viðskipti dagsins sé að ræða í viðkomandi félagi
- E) Dagslokaverð myndast alltaf í Kauphöllinni, jafnvel þó engin viðskipti hafi átt sér stað innan dagsins

Spurning 12.

Hvað af eftirtöldum fyrirtækjum er líklegast til að hafa mesta frjálsa “flotið” (free float) á hlutabréfamarkaði:

- A) Hlutabréf í BMW sem skráð eru í kauphöllinni í Frankfurt. Aðaleigandi fyrirtækisins, Quandt fjölskyldan, leggur mikla áherslu á fyrirtækið verði sjálfstætt um fyrirsjáanlega framtíð og engar horfur eru á öðru í ljósi eignarhlutar fjölskyldunnar
- B) Hlutabréf í Exxon Mobil sem er verðmætasta félagið á hlutabréfamarkaði í USA en stærstu hluthafar þess eru sjóðastjórnunarfyrirtæki (s.s. Barclays, State Street, Vanguard og Fidelity)
- C) Hlutabréf í bandaríska flutningafyrirtækinu UPS en fyrirtækið fór á markað fyrir nokkrum árum. Rekstur fyrirtækisins er mjög öflugur og hagnunir þess og starfsmanna eru samtvinnaðir með verulegri eignarhlutdeild stjórnenda og starfsmanna
- D) Hlutabréf í AP Möller sem er langverðmætasta félagið á hlutabréfamarkaði í Danmörku en félagið vegur þó töluvert minna í dönsku hlutabréfavitölunni (OMXC20) sem er markaðsvegin eftir sambærilegum sjónarmiðum og almennt gilda varðandi samsetningu slíkra vísitalna
- E) Hlutabréf í EADS, móðurfyrirtæki Airbus, en fyrirtækið fór á markað fyrir nokkrum árum en svokallaðir strategískir fjárfestar (bæði ríki og fyrirtæki) eiga verulegan hluta í félaginu

Spurning 13.

Almennt má segja að ávöxtunarfjárfestar leggi _____ áherslu á vænt tekjustreymi fjárfestingar en langtímafjárfestar, séu _____ en áhrifafjárfestar varðandi afskipti af rekstri og _____ tilfinningasamir en ástriðufjárfestar gagnvart fjárfestingum

- A) meiri ; óvirkari ; meira
- B) minni ; óvirkari ; síður
- C) minni ; virkari ; síður
- D) meiri ; virkari ; meira
- E) meiri ; óvirkari ; síður

Spurning 14.

Þegar grunngreiningu (fundamental analysis) er beitt við greiningu hlutabréfa má ganga út frá því að:

- A) Markaðir séu alltaf skilvirkir (efficient)
- B) Hún byggi nánast eingöngu á skoðun og útreikningum á gögnum í fortíðinni
- C) Grunngreining skili öllum fjárfestum betri árangri en tæknigreining (technical analysis)
- D) Grunngreiningu sé nauðsynlegt að beita ef takast á að ná hárrí ávöxtun til skamms tíma
- E) Ekkert af ofangreindu er rétt

Spurning 15.

Í Kauphöll Íslands er eins og víða annars staðar markmið að efla verðmyndun með verðbréf og auka gagnsæi markaðarins. Í þessu augnamiði verða fjárfestar að setja inn tilboð í viðskiptakerfi Kauphallar þar sem fram kemur og sést heildarmagn bréfa sem fjárfestir vill kaupa/selja og verð þess magns:

- A) Rétt
- B) Rangt

Spurning 16.

Það hefur heldur verið að þyngjast brúin á Bjarti í Sumarhúsum sem á hlutabréf í EADS og sýnist Bjarti sem ýmsar tæknilegar vísbendingar séu á lofti um að verð bréfanna geti lækkað. Til marks um þetta hefur hann eftirfarandi:

- A) Verð bréfanna er yfir 200 daga hreyfanlegu meðaltali
- B) Hann hefur nýlega framkvæmt sjóðsstreymisgreiningu á fyrirtækinu og niðurstaða hennar getur til kynna að virði fyrirtækisins sé mun lægra en verðið á markaði
- C) Verð bréfanna virðist nú vera á höfðinu þegar Bjartur hefur í huga höfuð og herðar (head and shoulders) tæknitólíð
- D) Verðið hefur nýlega rofið viðnám
- E) Ekkert af ofangreindu er rétt

Spurning 17.

Um viðskipti með skuldabréf á Íslandi má segja eftirfarandi:

- A) Langstærstur hluti viðskipta fer fram í Kauphöll Íslands
- B) Mjög lítil viðskipti eru á markaði með skuldabréf fyrirtækja enda eru flestar útgáfur óskráðar
- C) Í takt við það sem þekkist erlendis fara viðskiptin fyrst og fremst fram á OTC markaði (over the counter - búðarborðsbasar)
- D) Það eru einungis skuldabréfaútgáfur íslenskra fyrirtækja sem skráðar hafa verið hér á landi
- E) B og C er rétt

Spurning 18.

Freyr Gorgeirsson státar af því á jólahlaðborði að hann hafi í langan tíma átt hlutabréfasjóð sem fjárfestir í fyrirtækjum í S-Ameríku. Uppsveiflan á hrávörumörkuðum hafi heldur betur skilað sér í hækkunum á undanförunum árum. Hann sé að vísu vanur miklum sveiflum en í það heila haldi hann að ávöxtunin hafi verið þokkaleg þar sem ár hækkana hafi verið fleiri en lækkunarárin auk þess sem hækkun hvert ár hafi að jafnaði verið meiri en lækkun hvert ár. Er í ljósi þessa hægt að ganga út frá því að ávöxtun fjárfestingarinnar á tímabilinu (mæld á hefðbundna mælikvarða) hafi verið jákvæð ?:

- A) Já
- B) Nei

Spurning 19.

Hvað af eftirtöldu er líklegt til að hafa áhrif á verð tiltekins verðbréfs til skemmri tíma litið ?:

- A) Ef verð bréfs fer niður fyrir 200 daga hlaupandi meðaltal
- A) Lækkun stýrivaxta seðlabanka í vaxtalækkunarferli sem viðkomandi banki hóf fyrir nokkru
- C) Tilkynning frá fyrirtæki um að fyrirtækið ætli sé í svokallað “stock split”, tilkynning sem menn hafa almennt átt von á lengi
- D) Fréttir af því að fjárfestir sem jafnan hefur verið árangursríkur sé kominn í hluthafahóp fyrirtækisins
- E) A og D er rétt

Spurning 20.

Þegar fjárfestir er að bera saman þróun Dow Jones vísitölunnar og S&P 500 vísitölunnar yfir tiltekið tímabil þarf hann að hafa eftirfarandi í huga:

- A) Val fyrirtækja í Dow Jones vísitöluna fer eftir mati eigenda vísitölunnar á því hvaða fyrirtæki eigi erindi í vísitöluna
- B) Að því gefnu að fyrirtæki sem eru að vaxa mjög hratt í verðmæti fari oft í “stock split” mætti segja að Dow Jones vísitalan sé skekkt (downward bias), eða dragi upp skekktu mynd, að þessu leyti.
- C) Dow Jones er óvegin vísitala en S&P 500 vegin vísitala
- D) A og B er rétt
- E) A, B og C er rétt

Spurning 21.

Tilboð í hlutabréf Icelandair eru með eftirfarandi hætti: Hagstæðasta kauptilboð 27 og hagstæðasta sölutilboð 27,50. Hrúti Sigurðssyni finnst heldur langt á milli kaup- og sölutilboða og hann hefur í hyggju að festa smápening í hlutabréfum fyrirtækisins. Verðbréfamiðlarinn hans setur inn smálotutilboð fyrir hann á genginu 27,20. Svo vel vill til að Hallgerður Höskuldsdóttir hefur í nokkurn tíma verið með sama magn til sölu hjá öðrum kauphallaraðila og gengur miðlarinn hennar því í það verk að selja bréfin fyrir hana. Hér ræðir um að:

- A) Verðbilið þrengdist eftir að tilboð Hrúts var sett inn en vikkaði svo aftur þegar viðskiptin höfðu farið fram
- B) Til að viðskiptin geti orðið á genginu 27,20 verður það að hafa verið nýjasta verð
- C) Í kjölfar viðskiptanna reiknast nýtt viðskiptaverð fyrir hlutabréf Icelandair
- D) Miðlaranir þurfa að hafa samband símleiðis áður en þeir ganga frá viðskiptunum
- E) Ekkert af ofangreindu er rétt

Spurning 22.

Hlutabréf danska lyfjafyrirtækisins Lundbeck eru skráð í dönsku kauphöllinni og hefur seljanleiki bréfanna þótt ágætur. Fyrirtækið tilkynnti fyrir nokkrum dögum að lyf sem fyrirtækið hafi verið að þróa í samstarfi við bandarískt lyfjafyrirtæki og miklar vonir höfðu verið bundnar við, yrði ekki sett á markað. Þegar fréttir bárust af þessu lækkaði verð bréfa fyrirtækisins mjög mikið í tiltölulega litlum viðskiptum miðað við efni máls. Einhverjir markaðsaðilar létu hafa eftir sér að þetta með seljanleika bréfanna hafi verið mjög orðum aukið. Í ljósi ofangreindrar atburðarásar er hægt að taka undir þessa skoðun markaðsaðilanna ?:

- A) Já
- B) Nei

Spurning 23.

Hvað af eftirtöldu er líklegast, almennt séð, til að skipta svokallaða langtímafjárfesta miklu máli ?: (einkum er verið að vísa til hlutabréfafjárfestinga)

- A) Verðið sem greitt er fyrir hlutabréf í upphafi
- B) Hinar hefðbundnu skammtímasveiflur sem títt einkenna hlutabréfamarkaði frá degi til dags
- C) Spár greiningaraðila um líklega verðþróun á hlutabréfamarkaði á næstunni
- D) Arðgreiðslustefna fyrirtækja
- E) Spár um hagnað á næsta rekstrarári

Spurning 24.

Gefið er að daglegt gengi hlutabréfa í breska oliurisanum BP hafi hafi lítið breyst undanfarið hálf t. Mikill bati hefur þó verið að koma fram í rekstrinum og gengi hækkað nokkuð undanfarna daga. Á mælaborðum tæknigreiningarmanna sést að:

- A) 200 daga hlaupandi meðaltal fer lækkandi
- B) Grunngreining (fundamental analysis) bendir til þess að í hlutabréfum fyrirtækisins felist góð kaup
- C) 200 daga hlaupandi meðaltal hækkar duglega
- D) 50 daga hlaupandi meðaltal fer meira hækkandi en 200 daga hlaupandi meðaltal
- E) Allt af ofangreindu er rétt

Spurning 25.

Fjöldi hluta sem myndar viðskiptalotu ræðst af seljanleika viðkomandi flokks verðbréfa. Þetta þýðir að viðskiptalota verðmætustu fyrirtækjanna er hærri en viðskiptalota verðminnstu fyrirtækjanna:

- A) Rétt
- B) Rangt

Spurning 26.

Fjárfestir er að velta fyrir sér áhrifum “stock split” á annars vegar Dow Jones vísitöluna og hins vegar S&P 500 vísitöluna. Hver eru áhrif þess ef fyrirtækið IBM, sem er í báðum vísitölunum, fer í 2 fyrir 1 stock split (þ.e. hluthafar fá eitt bréf í viðbót við hvert bréf sem þeir eiga) ?:

- A) Engin áhrif á vægi fyrirtækisins í vísitölunum
- B) Vægi fyrirtækisins minnkar í Dow Jones vísitölunni en er óbreytt í S&P 500 vísitölunni
- C) Vægi fyrirtækisins eykst í báðum vísitölunum enda tvöfaldast nafnverð hlutafjár
- D) Vægi fyrirtækisins eykst í S&P 500 vísitölunni en er óbreytt í Dow Jones vísitölunni
- E) Ekki er hægt að segja til um áhrifin fyrr en viðskipti hefjast eftir stock split aðgerðina

Spurning 27.

Verð hlutabréfa bandarískra byggingafyrirtækja (home builders) hefur lækkað verulega að undanfögnu. Reksturinn gengur illa um þessar mundir og horfur þykja ekki góðar, og mörgum fjárfestum hefur því verið mjög áfram um að selja bréf sín í fyrirtækjunum. Til að bæta gráu ofan á svart eru fjárfestar sem hafa viljað hagnast á verðlækkun bréfa fyrirtækjanna og hafa gripið til viðeigandi aðgerða í því sambandi. M.a. í ljósi þess eru aðrir fjárfestar farnir að veða og meta hvort tími sé kominn til að kaupa hlutabréf í byggingafyrirtækjunum enda telja þeir að:

- A) Einhverjir af þeim lífeyrisjóðum sem hafa verið að selja telji sig hafa gert mistök og muni hægt og bitandi byrja að kaupa aftur bréf
- B) Greiningaraðilar fari að lækka verðmat sitt á fyrirtækjunum en það hafi oft sýnt sig að vera teikn um að verð fari að hækka
- C) Áhrifafjárfestar séu mjög líklegir til að byrja að sýna fyrirtækjunum áhuga þar sem verulega megi bæta rekstur þeirra
- D) Sú staða sé líkleg að koma upp þegar veður skipist í lofti til hins betra að svokallað "short squeeze" leiði til töluverðra hækkana á skömmum tíma
- E) Ólíklegt sé að einhver geiri geti verið að lækka á meðan lítið sé að gerast á öðrum vígstöðvum, þ.e. í mörgum öðrum geirum

Spurning 28.

Svokallað margfeldismeðaltal/geómetrískt meðaltal (geometric mean) er ákjósanlegt til að meta árangur af fjárfestingu þar sem það:

- A) Tekur tillit til mismuandi áhættu einstakra fjárfestingarkosta
- B) Er auðvelt í útreikningi þar sem einungis þarf að leggja saman hækkun/lækkun hvers árs og deila í þá summu með fjölda ára
- C) Gefur raunsanna mynd af þeirri ávöxtun sem liggur að baki hækkunar/lækkunar tiltekinnar eignar/verðbréfasafns
- D) Tekur sérstakt tillit til áhrifa gengisbreytinga gjaldmiðla
- E) Gefur tækifæri á að eyða út áhrifum sem ár neikvæðrar ávöxtunar leiða til, sem er kostur í ljósi þess hve ávöxtun á verðbréfamörkuðum er sveiflukennd

Spurning 29.

Þegar árangur hlutabréfasjóða er metinn yfir löng tímabil virðast árangursríkir sjóðir oft hafa eftirfarandi einkenni:

- A) Veltuhraði í söfnum er lágur
- B) Sjóðirnir eiga frekar fáar eignir (focused/concentrated portfolio)
- C) Þeir fylgja fjárfestingaraðferð sem byggist á útreikningi á hagrænu virði (intrinsic value)
- D) Allt af ofangreindu er rétt
- E) Ekkert af ofangreindu er rétt

Spurning 30.

Franski fjárfestirinn José Bové hefur hug á að kaupa hlutabréf í Alfesca sem skráð er í kauphöllinni á Íslandi. Til að geta átt bein/milliliðalaus viðskipti í gegnum miðlara verður hann því að hafa samband við íslenska fjármálastofnun sem aðild á að íslensku kauphöllinni:

- A) Rétt
- B) Rangt

Spurning 31.

Hlutabréfamarkaðir í Kína hækkuðu mjög mikið á síðasta ári og þeir hafa einnig hækkað töluvert á þessu ári og hafa jafnað sig eftir hina skörpu lækkun sem varð í lok febrúar. Fregnir berast af því að meðal almennings sé mikil spenna fyrir hlutabréfum og skrifstofur fjármálafyrirtækja iðulega fullar út úr dyrum af fólki sem vill kaupa hlutabréf. Ein helsta dægradvöl margra er að fylgjast með gengi hlutabréfa. Miðað við hagnaðarhorfur á næstunni þykja hlutabréf kínverskra fyrirtækja mjög dýr. Í ljósi framangreinds; ef tilraun væri gerð til að flokka kínverska fjárfesta/almening í ákveðinn flokk, hvað ætti líklega best við ?:

- A) Mótstraumsfjárfestar
- B) Áhrifafjárfestar
- C) Ávöxtunarfjárfestar
- D) Langtímafjárfestar
- E) Skammtímafjárfestar

Spurning 32.

Margir tæknilegir mælikvarðar varða annað hvort þróun magns eða (volume) eða verðs (price). Hver eftirtalinna mælikvarða varðar verð ?:

- A) Hlutfallslegur styrkur (relative strength)
- B) Hækkun lækkun línur (advance decline lines)
- C) Hreyfanleg meðaltöl (moving average)
- D) Hlutfall söluréttá á móti kaupréttum (put/call ratio)
- E) A og C er rétt

Spurning 33.

Fjárfestingarfélagið Ávöxtun og Fjárfestingarfélagið Afvöxtun eru að fara að ganga frá viðskiptum með hlutabréf í fyrirtækinu Bjartar vonir vakna. Félagið verður væntanlega skráð á hlutabréfamarkað á næstu mánuðum. Fjárfestingastjóranir ná samkomulagi um verð með milligöngu miðlara. Að viðskiptunum loknum:

- A) Stærð viðskiptanna er slík að þau uppfylla skilyrði svokallaðrar stórlotu (block order) og því sjást einkenni þingaðila ekki
- B) Tilkynnir miðlarinn viðskiptin innan 5 mínútna frá því að þau áttu sér stað
- C) Er síðasta viðskiptaverð óbreytt þar sem um ræðir utanþingsviðskipti
- D) A og B er rétt
- E) Ekkert af ofangreindu er rétt

Spurning 34.

Eitt af meginmarkmiðum uppboðsmarkaða eins og NYSE er að starfsemi þeirra sé með þeim hætti að kaupendur verðbréfa hafi aðgang að eins stórum hópi seljenda verðbréfa og mögulegt er (og fái þannig hagstæðasta verð) og seljendur verðbréfa hafi aðgang að eins stórum hópi kaupenda verðbréfa og mögulegt er (og fái þannig hagstæðasta verð):

- A) Rétt
- B) Rangt

Spurning 35.

Á hvað af eftirtöldu er líklegast að langtímafjárfestar horfi við mat á fjárfestingartækifærum ?:

- A) Spáa greiningaraðila um vöxt hagnaðar markaðarins næstu 14 mánuði
- B) Niðurstöðu grunngreiningar (fundamental analysis)
- C) Hvort að einhver tiltekin atvinnugrein njóti tímabundinna vinsælda hjá einhverjum hópi fjárfesta
- D) Horfa um þróun skammtímavexti á næstunni
- E) Tæknilegu mælikvarðana hækkun/lækkun línur og 50 daga hlaupandi meðaltal

Spurning 36.

Algennt er fjárfestar miði frammistöðumælingar verðbréfasafna við markaðsvegnar vísitölur (market cap. weighted), t.d. S&P 500, OMXI15 eða CAC 40. Ástæða þessa er meðal annars sú að:

- A) Upplýsingar um markaðsvegnar vísitölur og þróun þeirra er miðlað til mjög margra og háir sem lágir fjárfestar eiga því mjög auðvelt með að fylgjast með þeim
- B) Markaðsvegin vísitala endurspeglar að mörgu leyti best fjárfestingarumhverfi og stefnu margra fjárfesta
- C) Bestu fyrirtækin vega þyngst í vísitölunum
- D) Að öðru jöfnu má búast við að vægi fyrirtækja í orku og hrávörugera (energy and commodities) geti aukist í vísitölunum og ávöxtun batni mikið af þeim sökum
- E) Að öðru jöfnu má búast við að vægi vaxtarfyrirtækja geti aukist í vísitölunum og ávöxtun batni mikið af þeim sökum.

Spurning 37.

“Dogs of the Dow” er viðskiptastrategia sem felst í því að kaupa í upphafi árs þau 10 fyrirtæki í Dow Jones vísitölunni sem hafa hæsta arðgreiðsluhlutfallið (arður/gengi). Oftast komast fyrirtæki í þennan flokk með þeim hætti að gengi þeirra lækkar og getur það verið af ýmsum ástæðum. Íðulega ræðir um að fyrirtækin lenda í einhverjum rekstrarerfiðleikum og gengi þeirra lækkar verulega. Eins og gengur getur tekið nokkurn tíma fyrir fyrirtækin að vinna sig út úr þessum erfiðleikum, þó að mörgum þeirra þyki vel stjórnað. Hvaða tegund fjárfesta er, að öðru jöfnu, líklegust til að sýna þessum “hundum” áhuga:

- A) Ávöxtunarfjárfestar
- B) Áhrifafjárfestar
- C) Skammtímafjárfestar
- D) Langtímafjárfestar
- E) A og D er rétt

Spurning 38.

Hvaða fjárfestar eru, að öðru jöfnu, líklegastir til að “fara út í storminn” (e. sell on the rumour buy on the fact)

- A) Langtímafjárfestar
- B) Skammtímafjárfestar
- C) Ástríðufjárfestar
- D) Ávöxtunarfjárfestar
- E) Stofnanafjárfestar (s.s. lífeyrissjóðir)

Spurning 39.

Um pörun tilboða í SAXESS-viðskiptakerfinu gildir almennt eftirfarandi:

- A) Tilboð stofnanafjárfesta ganga fyrir tilboðum smærri fjárfesta þar sem þau eru yfirleitt stærri
- B) Smálotutilboð parast eingöngu við önnur smálotutilboð.
- C) Besta verð gengur fyrir, þau tilboð sem fyrst skrást í tilboðaskrá ganga fyrir þeim sem á eftir koma og smátilboð eru jafngild lotutilboðum.
- D) Lotutilboð getur ekki parast við fleiri en tvö smálotutilboð.
- E) Lotutilboð ganga fyrir smátilboðum, besta verð gengur fyrir og þau tilboð sem fyrst koma inn í tilboðaskrá ganga fyrir þeim sem á eftir koma.

Spurning 40.

Oft gera menn greinarmun á virðisfyrirtækjum (value) og vaxtarfyrirtækjum (growth). Þegar um ræðir tekjustreymi (þ.e. arðgreiðslur) af fjárfestingum má almennt segja að tekjustreymi sé meira af hlutabréfum virðisfyrirtækja heldur en vaxtarfyrirtækja

- A) Rétt
- B) Rangt

Spurning 41.

Hlutabréf Nokia eru m.a. skráð í kauphöllinni í New York og í kauphöllinni í Amsterdam. Gefið er að gengi bréfanna í New York sé 23,20 dollarar og í Amsterdam hafi lokaverð verið 23 evrur. Jafnframt er gefið að einn dollar kosti eina evru (þ.e. að EUR/USD =1). Johnny Cash hugsar sér gott til glóðarinnar þegar hann sér þessar upplýsingar og þó að nokkuð sé liðið á daginn vill hann nýta sér þær. Hann selur því hlutabréf í Nokia í New York og ætlar svo að kaupa samsvarandi magn í kauphöllinni í Amsterdam þegar hún opnar aftur eftir helgi (ekki þarf að gera ráð fyrir viðskiptakostnaði í þessu dæmi). Með þessu mun Johnny ná að búa til svokallað "zero investment portfolio":

- A) Rétt
- B) Rangt

Spurning 42.

Á hvað af eftirtöldu er líklegast að skammtímafjárfestir á hlutabréfamarkaði horfi við mat á fjárfestingartækifærum ?:

- A) Regluleg verðbréfakaup lífeyrirsjóða
- B) Að dreifa eignum sínum sem allra best til að lágmarka sveiflur í ávöxtun þegar til lengri tíma er litið
- C) Tæknilega mælikvarða
- D) Vaxtaákvarðana Seðlabanka
- E) Stærð arðgreiðslu á næsta ári

Spurning 43.

Hér ræðir um tvö fyrirtæki; annað svokallað virðisfyrirtæki og hitt svokallað vaxtarfyrirtæki. Jafnframt er gefin sú forsenda að bæði fyrirtækin þyki "dýr". Ef nú er gert ráð fyrir að skyndilega breytist framtíðarhorfur beggja fyrirtækjanna til hins verra þá má almennt gera ráð fyrir, að öðru óbreyttu, að verð hlutabréfa vaxtarfyrirtækisins lækki kröftugar en verð bréfa virðisfyrirtækisins:

- A) Rétt
- B) Rangt

Spurning 44.

Forsetakosningar eru á næsta leyti í Frakklandi og telja menn að úrslit þeirra geti ráðið nokkru um efnahagslega framvindu í Frakklandi. Margir telja að Nicholas Sarkozy muni bera sigur úr bítum og það geti styrkt stöðu bæði franska ríkisins og franskra fyrirtækja á skuldabréfamörkuðum og vaxtaálag lækkað. Eins og staðan er í dag er vaxtaálag skuldabréfa franskra útgefenda almennt aðeins hærra en alveg sambærilegra þýskra útgefenda. Einn af keppinautum Sarkozy er Francois Bayrou en hann leggur áherslu á að lækka skuldir franska ríkisins, og er jafnframt talinn eiga einhverja möguleika á sigri. Þýski fjárfestirinn Harry Klein vill nýta sér þessar spár á sem einfaldastan hátt og kaupir því frönsk ríkisskuldabréf og skuldabréf útgefin af Renault og skortselur (short selling) sömu fjárhæð af skuldabréfum þýska ríkisins og DaimlerChrysler. Harry:

- A) Veit að Renault mun á þessu ári og næsta kynna mikið af nýjum bílum og hann telur að þetta muni ótvírætt bæta reksturinn og vaxtaálag bréfa fyrirtæksins lækka. Engin áhætta felist því í þessari strategíu hans.
- B) Er þeirrar skoðunar að frönsku útgefendurnir séu betri skuldarar en þeir þýsku og þó að markaðurinn sé skilvirkur þá hafi honum yfirsétt þessi staðreynd
- C) Veit af því að mikils metnir sjóðsstjórar skuldabréfasjóða hafa verið að grípa til sömu aðgerða og hann sjálfur og í því ljósi sé áhættan engin
- D) Telur horfur á að hlutfallslegt verð bréfanna breytist
- E) Hefur vitneskju um að matsfyrirtæki hafa nýlega uppfært láns hæfi BMW og Peugeot og ef Sarkozy vinnur aukist líkur á slíku þegar fram í sækir í tilvikum Renault. Þess sé því að vænta að munur á vaxtaálagi skuldabréfa BMW og Renault minnki, þó að munur sé á láns hæfi fyrirtækjanna eins og stendur.

2. hluti. Skriflegt verkefni (vægi 15%)

Leystu eftirfarandi verkefni. Vinsamlega leggðu áherslu á að að efnisatriðin í svörum þínum komi fram með skýrum og gagnorðum hætti.

Vísitölur eins og OMXI15 og S&P 500 eru endurskoðaðar með reglulegu millibili og getur samsetning vísitalanna þá breyst. Félög geta þá dottið út úr vísitölunni og önnur komið í staðinn. Sem dæmi má nefna að á þessu ári hefur Kraft Foods og Abercrombie & Fitch komið inn í S&P 500 vísitöluna og Exista mun líklega koma inn í OMXI15 á næstunni. Að jafnaði þykir eftirsóknarvert að vera hluti af einhverri þekktri vísitölu þar sem athygli og áhugi markaðsaðila/fjárfesta beinist oft frekar að þeim fyrirtækjum sem eru í slíkum vísitölum.

Ræðið almennt hvaða áhrif breytingar í þessa átt hafa, eða kunna að hafa, á markað fyrir hlutabréf félaga þegar vísitölum er breytt á þennan hátt og fyrirtækin ýmist detta út eða taka sæti í vísitölum (Hafið t.d. í huga seljanleika, verðmyndun, verðbil, framboð og eftirspurn, veltuhraða o.s.frv. og samhengi þáttanna)